



TILLAGA

Fundur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs 8. september 2022: Tillaga fulltrúa fulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins leggur til að mannréttinda- og ofbeldisvarnaráð beiti sér fyrir því að tryggja jafnræði og opna möguleika á sveigjanlegan vinnutíma hjá starfsmönnum Reykjavíkur. Borið hefur á því að ekki sé gætt jafnræðis þegar samþykkja á að leyfa starfsmönnum að vinna þegar sjötugsaldri er náð eða þegar viðkomandi er kominn á eftirlaunaaldur. Hér er farið í manngreinarálit. Nýlega var lögð fyrir borgarráð skýrsla starfshóps um sveigjanleg vinnulok. Kynntar voru 6 tillögur sem munu fara í frekari skoðun en langt er þar til þær munu koma til framkvæmda. Á meðan eru starfsmenn handvaldir sem fá að njóta sveigjanlegra starfsloka en öðrum gert að taka pokann sinn. Flokkur fólksins vill ganga strax til verks í þessu máli og að samþykkt verði sveigjanleg starfslok sem hin almenna regla. Á meðan svo er ekki er lagt til að mannréttindaráð beini þeim tilmælum til meirihlutans að gæta jafnræðis og koma í veg fyrir að fólki þurfi að hætta vinnu gegn sínum vilja á meðan aðrir fá að starfa áfram án þess að gildar ástæður séu fyrir slíkri mismunun. Allt fólk á að hafa val um starfslok sín, ekki bara útvaldir. Það eru mannréttindi að geta tekið ákvarðanir um atvinnumál sín eins og annað í lífinu. MSS22090064

Virðingarfyllst,
Elísabet Pétursdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa